

23. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar föstudaginn 18. febrúar 2011, kl. 14:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) **Stjórnar Norðurár bs. frá 9. desember 2010**
- b) **Stjórnar Norðurár bs. frá 30. desember 2010**
- c) **Stjórnar Norðurár bs. frá 6. janúar 2011**
- d) **Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. janúar 2011**
- e) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. janúar 2011**
- f) **Samvinnunefndar um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu frá 20. janúar 2011**
- g) **Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla í A-Hún frá 27. janúar 2011**
- h) **Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 4. febrúar 2011**

2. Sorpmál

- 3. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 9. febrúar 2011**
 - 4. Bréf frá Sveini M. Sveinssyni og Atla Arasyni frá 8. febrúar 2011**
 - 5. Erindi frá Hestamannaf. Neistinn og Þytur frá 1. Febrúar 2011**
 - 6. Bréf frá Umhverfisiráðuneytinu dags. 31. janúar 2011**
 - 7. Bréf frá Umhverfisiráðuneytinu dags. 9. febrúar 2011**
 - 8. Bréf frá SSNV dags. 2. febrúar 2011**
 - 9. Bréf frá UMFÍ dags. 28. janúar 2011**
 - 10. Bréf frá UMFÍ dags. 15. febrúar 2011**
 - 11. Atvinnumál**
 - 12. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) **Stjórnar Norðurár bs. frá 9. desember 2010**
Lögð fram til kynningar
- b) **Stjórnar Norðurár bs. frá 30. desember 2010**
Lögð fram til kynningar

c) Stjórnar Norðurár bs. frá 6. janúar 2011

Lögð fram til kynningar

d) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. janúar 2011

Lögð fram til kynningar

e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. janúar 2011

Lögð fram til kynningar

f) Samvinnunefndar um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu frá 20. janúar 2011

Lögð fram til kynningar

g) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla í A-Hún frá 27. janúar 2011

Lögð fram til kynningar

h) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 4. febrúar 2011

Lögð fram til kynningar

2. Sorpmál

Bæjarstjóri lagði fram minnisblað um breytt fyrirkomulag sorpmóttöku og sorpeyðingu í Blönduósbæ og gjaldskrá endurvinnslustöðvarinnar á Blönduósi sem og gjaldskrá fyrir sorphirðu og móttöku úrgangs á Blönduósi. Jafnframt kynnti bæjarstjóri samning við Sorphreinsun Vilhelms Harðarssonar ehf. sem er viðaukasamningur við Verksamning um sorphirðu og urðun í Blönduósbæ dags. 3. janúar 2006.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá fyrir sorphirðu og móttöku úrgangs á Blönduósi og felur bæjarstjóra að auglýsa gjaldskrána í Stjórnartíðindum. Jafnframt samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti Viðaukasamning við Verksamning um sorphirðu og urðun í Blönduósbæ dags. 21. janúar 2011.

3. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 9. febrúar 2011

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Jolonta Tomaszewska, kt. 271161-2129, f.h. Gistiheimili Kiljunnar ehf. kt. 540409-0640, um leyfi til að reka gistiheimili í flokki V yfir gististaði, að Aðalgötu 2, Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti umsóknina en vill þó takmarka opnunartíma vínveitingarsölu Gistiheimilisins Kiljunnar ehf. á sunnudögum til fimmtudags við 23:30 og á föstudögum og laugardögum til 03:00.

4. Bréf frá Sveini M. Sveinssyni og Atla Arasyni frá 8. febrúar 2011

Óskað er eftir niðurfellingu gjalda á kirkjunni í gamla bænum.

Tillaga frá formanni bæjarráðs um að að fella niður kr. 50.000 af fasteignagjöldum árið 2011. Samþykkt með 2 atkvæðum gegn einu. Oddný M. Gunnarsdóttir bar upp tillögu að fella niður að fullu fasteignagjöldin á Gömlu kirkjunni. Tillagan er borin upp til atkvæðis. Tillagan er hafnað með 2 atkvæðum gegn einu.

Bæjarráð vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar þar sem ekki var gert ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar 2011.

5. Erindi frá Hestamannaf. Neistinn og Þytur frá 1. Febrúar 2011

Hestamannafélögin Neisti og Þytur óska eftir styrk fyrir Ís-landsmótið sem haldið verður á Svínvatni laugardaginn 5. mars n.k.

Bæjarráð samþykkir kr. 30.000 styrk.

Bæjarráð vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar þar sem ekki var gert ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar 2011.

6. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu dags. 31. janúar 2011

Ráðuneytið vekur athygli á því að ný lög, lög um mannvirki nr. 160/2010 tóku gildi um síðustu áramót.

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu dags. 9. febrúar 2011

Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 hefur verið afgreitt frá Skipulagsstofnun til umhverfisráðherra. Ráðuneytið óskar eftir umsögn sveitarfélagsins á afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

8. Bréf frá SSNV dags. 2. febrúar 2011

Stjórn SSNV hefur samþykkt að óska eftir við aðildarsveitarfélög SSNV að 19. ársþing verði frestað og verði haldið fyrir lok ágústmánaðar 2011 í stað fyrir aprílloka eins og kveðið er á um í samþykktum.

Bæjarráð samþykkir ákvörðun stjórnar SSNV að 19. ársþing SSNV verði frestað og verði þess í stað haldið fyrir lok ágústmánaðar 2011.

9. Bréf frá UMFÍ dags. 28. janúar 2011

Stjórn UMFÍ óskar eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 16. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður verslunarmannahelgina 2013 og 17. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2014.

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá UMFÍ dags. 15. febrúar 2011

UMFÍ óskar eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 1. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldin verður helgina 24-26. júní 2011.

Lagt fram til kynningar.

11. Atvinnumál

Umræður urðu um atvinnumál á Blönduósi.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:30

*Kári kárason (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)